

í Prestbakka, Langholts og Þykkvabæjarklausturs kirkju, sem eru nýsmíðaðar, hafið þér, herra stiptamtmaður, farið þess á leit í bréfi, dagsettu 4. júnímán. þ. á., að veittir verði 460 rd. í fjárhagslögunum fyrir fjárhagsárið 1867—68, til þess að útvega fyrir altaristöflur handa kirkjum þessum.

1866.

2. október.

Nú er skrifast hefir verið á við fjárstjórnina um málefni þetta, skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar, að með því að fjárstjórnin ekki hefir þókt geta veitt samþykki sitt til þessa gjalds vegna þess, hvernig ástatt er með fjárhag Íslands, sèr dómsmálastjórnin sèr ekki fært að halda lengra úti þetta.

83. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um heiðurspening handa Jóni hreppstjóra Erlendssyni á Auðnum.

3. október.

Samkvæmt þegnlegum uppástungum dómsmálastjórnarinnar hefir hans hátign konunginum þóknast 12. þ. m. allramildilegast að veita Jóni Erlendssyni, hreppstjóra í Vatnsleysustrandar hrepp í Gullbringusýslu, heiðurspening, fyrir að hafa mörgum sinnum með lífsháska bjargað íslenskum sjómönnum, sem voru í nauðum staddir á sjó, og að leyfa honum að bera peninginn á brjóstinu.

Um leið og yður er sendur heiðurspeningur sá, sem sleginn hefir verið til þessa, eruð þér bednir að fá Jóni hreppstjóra Erlendssyni hann í hendur, á þann hátt, sem yður þykir bezt við eiga.

84. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptyfirvaldanna á Íslandi, um borgun handa prófdómendum við lækna-próf í Reykjavík.

3. október.

Í bréfi dagsettu 13. júnímán. þ. á. hafið þér, herra stiptamtmaður, og Helgi Thordersen biskup skýrt frá, að þér hafið